

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/33****2022/EES/18/52****frá 28. september 2017****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir gjaldayfirlitið  
og sameiginlegt tákni þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 5. gr.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt tilskipun 2014/92/ESB eiga aðildarríki að sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur láti neytandanum í té, a.m.k. árlega og án endurgjalds, yfirlit yfir öll gjöld sem stofnað var til og, eftir atvikum, upplýsingar um vextina fyrir þjónustu sem tengist greiðslureikningi. Þess er krafist að greiðsluþjónustuveitendur noti stöðluðu hugtökin sem sett eru fram í lokaskránni yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningi. Aðildarríki eiga að birta lokaskrárnar og samþætta við staðlaða hugtakanotkun Sambandsins sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/32 <sup>(2)</sup>.
- 2) Til að tryggja að gjaldayfirlitið nái markmiði tilskipunar 2014/92/ESB og, á sama tíma, veiti viðskiptavininum allar upplýsingar sem skipta máli og á þann hátt sem eykur samanburðarhæfi og gagnsæi, ættu greiðsluþjónustuveitendur að nota staðlað sniðmát fyrir gjaldayfirlitið.
- 3) Að því er varðar þjónustupakka sem tengjast greiðslureikningi þarf að taka tillit til þess að mismunandi gerðir af þökkum eru í boði hjá greiðsluþjónustuveitendum. Sumir pakkar í boði eru innifaldir í almennum gjaldi, s.s. fyrir viðhald og rekstur reikningsins, á meðan innheimt er fyrir aðra pakka aðgreint frá slíku almennum gjaldi og sumir pakkar innihalda tiltekið umfang þjónustu. Til að auðvelda neytendum að skilja innihald hinna mismunandi tegunda af þökkum og gjöldin fyrir þá ætti í gjaldayfirlitinu að tilgreina pakkana sérstaklega. Sér í lagi ef gjald er tekið fyrir pakkana sem hluta af almennum gjaldi ætti að sýna pakkana ásamt því gjaldi.
- 4) Aðildarríki geta gert kröfu um að lykilveris, t.d. ítarlegur kostnaðarvísir, sé veittur með gjaldayfirlitinu. Þess vegna ætti sniðmátið fyrir gjaldayfirlitið að innihalda aðskilda töflu sem þeir greiðsluþjónustuveitendur sem falla undir slík skilyrði eiga að nota.
- 5) Enn fremur, þar sem auðvelt ætti að vera fyrir greiðsluþjónustuveitendur að taka saman gjaldayfirlitið ættu að vera skýrar leiðbeiningar fyrir greiðsluþjónustuveitendur um hvernig eigi að fylla út gjaldayfirlitið.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(3)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 214.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/32 frá 28. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir staðlaða hugtakanotkun Sambandsins yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningi (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 3).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Sniðmát fyrir gjaldayfirlitið og sameiginlegt tákn þess**

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu nota sniðmátið sem mælt er fyrir um í viðaukanum og fylla það út eins og sett er fram í 2.–18. gr.
2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu ekki breyta sniðmátinu fyrir gjaldayfirlitið við útfyllingu þess að öðru leyti en mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Einkum skulu greiðsluþjónustuveitendur fylgja röð upplýsinga, fyrirsagna og undirfyrirsagna sem mælt er fyrir um í sniðmátinu.
3. Gjaldayfirlitið skal:
  - a) sett fram á A4 skammsniði,
  - b) bera fyrirsögnina „Gjaldayfirlit“ efst á fyrstu blaðsíðu, miðjuset og staðsett mitt á milli kennimerkis greiðsluþjónustuveitandans efst til vinstri á skjalinu og sameiginlega táknsins efst til hægri á skjalinu,
  - c) sýna sameiginlega táknið sem ekki skal vera stærra en 2,5 cm x 2,5 cm og sett fram eins og sýnt er í sniðmátinu sem mælt er fyrir um í viðaukanum,
  - d) nota leturgerðina Arial, eða aðra leturgerð sem svipuð er Arial, og leturstærð 11, að undanskildri fyrirsögninni „Gjaldayfirlit“ sem skal vera í leturstærð 16, feitlettruð, fyrirsagnir í leturstærð 14, feitlettraðar og undirfyrirsagnir í leturstærð 12, feitlettraðar, nema krafist sé aukinnar leturstærðar eða notkunar á blindralettri fyrir sjónskerta einstaklinga, annað hvort samkvæmt landslögum eða samkomulagi milli neytandans og greiðsluþjónustuveitandans,
  - e) vera í svarthvítu, að undanteknu kennimerki greiðsluþjónustuveitandans og sameiginlega táknu sem setja má fram í lit, eins og mælt er fyrir um í 2. gr.,
  - f) hafa fyrirsagnirnar í hálfðökkgráu og nota litaskala með tilvísunarnúmeri 166,166,166 í frumlitalíkaninu og undirfyrirsagnirnar í ljósgráum lit með því að nota litaskala með tilvísunarnúmeri 191,191,191 í frumlitalíkaninu,
  - g) hafa blaðsíðunúmer.

*2. gr.*

**Sameiginlegt tákn og kennimerki greiðsluþjónustuveitandans**

1. Ef sameiginlega táknið er sett fram í lit skal það fylgja litaskalanum með tilvísunarnúmeri 0/51/153 (í sextándakerfi: 003399) í frumlitalíkaninu fyrir bakgrunninn og litaskala 255/204/0 (í sextándakerfi: FFCC00) í frumlitalíkaninu fyrir táknið.
2. Kennimerki greiðsluþjónustuveitandans skal vera jafn stórt og sameiginlega táknið.
3. Kennimerkið má eingöngu vera í lit ef sameiginlega táknið er einnig í lit. Þegar prentað er í svarthvítu skal sameiginlega táknið vera auðlæsilegt.

*3. gr.*

**Heiti og samskiptaupplýsingar reikningsveitandans**

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu skipta út textanum á milli hornklofanna með nafni reikningsveitandans, feitlettrað og vinstrijafnað.

2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu skipta út textanum á milli hornklofanna með samskiptaupplýsingum sínum, s.s. heimilisfangi, símanúmeri, tölvupóstfangi, bréfasímanúmeri, veffangi og tengilið/stað sem eigandi greiðslureikningsins getur notað fyrir seinni tíma samskipti.

Þessar samskiptaupplýsingar skulu færðar inn vinstrijafnað.

4. gr.

#### **Heiti og samskiptaupplýsingar eiganda greiðslureikningsins**

1 Greiðsluþjónustuveitendur skulu skipta út textanum á milli hornklofanna með nafni eiganda greiðslureikningsins.

Það nafn skal fært inn feitletrað og vinstrijafnað.

2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu skipta út textanum á milli hornklofanna með heimilisfangi eiganda greiðslureikningsins.

Það heimilisfang skal fært inn vinstrijafnað og, að undanteknum fyrsta staf hvers orðs, í lágstöfum.

5. gr.

#### **Heiti reiknings og auðkenning**

1 Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn heitið á greiðslureikningnum.

Það heiti skal fært inn feitletrað, vinstrijafnað og beint á eftir viðkomandi orðum.

2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu sýna atriðin sem auðkenna greiðslureikninginn, s.s. auðkenniskóða bankans (BIC), alþjóðlega bankareikningsnúmerið (IBAN), landsbundna reikningsnúmerið og landsbundna bankanúmerið.

Þessi atriði skulu færð inn vinstrijafnað.

6. gr.

#### **Almanakstímabil**

Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í línuna „tímabil“, vinstrijafnað, almanakstímabilið sem gjaldayfirlitið nær yfir.

7. gr.

#### **Dagsetning**

Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í línuna „dagsetning“, vinstrijafnað, almanaksdaginn þegar þeir leggja fram gjaldayfirlitið.

8. gr.

#### **Inngangsorð**

Texta inngangsorðanna, sem tilgreindur er í sniðmátinu, skal endursegja í gjaldayfirlitinu og nota línubíl 1.15, með 0 punktum á undan og 10 punktum á eftir textanum.

*9. gr.***Samantekt gjalda og vaxta**

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn feitletrað og hægrijafnað heildarfjárhæðir gjalda og vaxta sem eiga að vera í hinum fjórum aðskildu töflum undir „Samantekt gjalda og vaxta“.
2. Ef vextir eiga ekki við tiltekinn reikning, og ef hægt er að færa inn slíkar upplýsingar eða þess krafist samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög tilskipun 2014/92/ESB, skulu greiðsluþjónustuveitendur nota orðalagið „vextir eiga ekki við“, með lágstöfum, hægrijafnað.
3. Ef vextir eiga við en þeir eru núll fyrir þetta tiltekna tímabil, og ef hægt er að færa inn slíkar upplýsingar eða þess krafist samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög tilskipun 2014/92/ESB, skulu greiðsluþjónustuveitendur tilgreina það með því að nota „0“ í tilsvarende töflu.
4. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn ítarlegan kostnaðarvísi, þar sem árlegur heildarkostnaður vegna greiðslureikningsins er tekinn saman í aðskilinni töflu, ef þess er krafist samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög tilskipun 2014/92/ESB. Ef ekki er gerð krafa samkvæmt þessum landsákvæðum um að greiðsluþjónustuveitendur færi inn ítarlega kostnaðarvísinn, skulu greiðsluþjónustuveitendur eyða töflunni.

*10. gr.***Nákvæmt yfirlit yfir gjöld sem greidd voru vegna reikningsins**

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu skrá í töfluna með fyrirsögninni „Nákvæmt yfirlit yfir gjöld sem greidd voru vegna reikningsins“ öll gjöld sem stofnað var til á viðkomandi tímabili fyrir tilsvarende þjónustu.

Gjöld fyrir stofnun eða viðhald reikningsins skulu skráð undir undirfyrirsögninni „Almenn reikningsþjónusta“.

2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa viðkomandi þjónustu inn í undirdálkinn „Þjónusta“, vinstrijafnað, feitletrað, og nota einfalt línubil, með 0 punktum á undan og 0 punktum á eftir hverri tegund þjónustu.
3. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í undirdálkinn „Fjöldi skipta sem þjónustan var nýtt“ fjölda skipta sem hver tegund þjónustu var nýtt á viðkomandi tímabili gjaldyfirlitsins, hægrijafnað, og nota leturgerðina sem mælt er fyrir um í d-lið 3. mgr. 1. gr.

Greiðsluþjónustuveitendur skulu láta undirdálkinn „Fjöldi skipta sem þjónustan var nýtt“ vera auðan ef:

- a) þjónusta hefur verið nýtt en greiðsluþjónustuveitandinn tók ekki gjald fyrir þá þjónustu, og
  - b) hægt er að taka með slíkar upplýsingar eða þess krafist samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög tilskipun 2014/92/ESB.
4. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í undirdálkinn „Einingargjald“ uppbyggingu og kostnað einingargjalds fyrir hverja tegund þjónustu sem nýtt var, hægrijafnað.
  5. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í undirdálkinn „Fjöldi skipta sem gjaldið var innheimt“ fjölda skipta sem gjald var tekið fyrir hverja tegund þjónustu á viðkomandi tímabili gjaldyfirlitsins, hægrijafnað. Greiðsluþjónustuveitendur skulu tilgreina þetta í tilsvarende undirdálki með því að nota orðalagið „gjald ekki innheimt“ ef:

- a) þjónusta hefur verið nýtt en ekkert gjald innheimt, og
- b) hægt er að taka með slíkar upplýsingar eða þess krafist samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög tilskipun 2014/92/ESB.

6. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í undirdálkinn „Alls“ heildarfjárhæð gjalda fyrir að nýta þá þjónustu á viðkomandi tímabili, feitletrað.

7. Ef ekki er færð inn nein þjónusta undir undirfyrirsögn, skulu greiðsluþjónustuveitendur eyða þeirri undirfyrirsögn. Greiðsluþjónustuveitendur skulu einnig eyða undirfyrirsögninni þegar eigandi greiðslureikningsins nýtti enga þjónustu umfram þá sem tilgreind er í þjónustupakkanum á viðkomandi tímabili.

8. Greiðsluþjónustuveitendur skulu sýna heildarfjárhæð gjaldanna sem eigandi greiðslureiknings greiddi á viðkomandi tímabili í línuna „Heildargjöld greidd“, feitletrað.

*11. gr.***Framsetning á tegundum gjalda**

1 Ef aðskilin gjöld eru innheimt á einn eða fleiri eftirfarandi hátt skulu greiðsluþjónustuveitendur lýsa hverju gjaldtökutilviki, -miðli eða -skilyrði („tegundum gjalda“) í töflunni „Nákvæmt yfirlit yfir gjöld sem greidd voru vegna reikningsins“ í sérstakri línu í dálkinum „Þjónusta“ fyrir viðkomandi þjónustu:

- a) fyrir mismunandi gjaldtökutilvik fyrir sömu þjónustu, s.s. upphaflegt uppsetningargjald og í framhaldinu framkvæmdargjöld fyrir sömu þjónustu,
- b) fyrir ólíka miðla sem nýttir eru til að óska eftir, nota eða veita sömu þjónustu, s.s. síma, útibú eða Netið,
- c) eftir því hvort sértækt skilyrði vegna sömu þjónustu er uppfyllt, s.s. hvort lágmarks- eða hámarksviðmiðunarfjárhæðum millifærslna fjármuna eða úttekta í reiðufé er náð.

Lýsinguna skal vinstrijafna. Gjöldin skulu færð inn í dálkinn „Einingagjald“, hægrijaftað.

2. Ef gjaldtaka miðast við samsetningu nokkurra tegunda gjalda, s.s. gjalda sem eru breytileg eftir miðli og sem síðan eru aðgreind frekar eftir því hvort viðmiðunarfjárhæð er náð, skulu greiðsluþjónustuveitendur, í viðbót við beitingu 5. mgr. 10. gr., hægrijafta lýsinguna á hverri viðbótartegund gjalds.

3. Ef gjaldið hefur breyst á viðkomandi tímabili, skulu greiðsluþjónustuveitendur skrá gjöldin sem giltu á hverju tímabili með því að bæta við nýjum línunum við dálkinn „Einingagjald“.

*12. gr.***Framsetning þjónustupakka sem tekið er gjald fyrir sem hluta af gjöldum undir undirfyrirsögninni „Almenn reikningsþjónusta“**

1 Ef þjónustupakki, sem tengist greiðslureikningi, er boðinn með reikningnum og gjald er tekið fyrir hann sem hluta af gjöldunum undir undirfyrirsögninni „Almenn reikningsþjónusta“, skulu greiðsluþjónustuveitendur setja fram upplýsingarnar um þá þjónustu sem innifalin er í pakkanum í töfluna „Nákvæmt yfirlit yfir gjöld sem greidd voru vegna reikningsins“, í línuna „Þjónustupakki“ og dálkinn „Þjónusta“ og fjölda skipta sem pakkinn var notaður í dálkinn „Fjöldi skipta sem þjónustan var nýtt“. Í dálkana undir „Gjald“ skulu greiðsluþjónustuveitendur sýna gjöldin fyrir pakkann í heild, og fjölda skipta sem pakkagjaldið var innheimt á viðkomandi tímabili eftir því sem við á, eins og sett er fram í 1. mgr. 11. gr. Línunni skal eytt ef innheimt er fyrir þjónustupakkann aðgreint frá gjaldinu fyrir almenna reikningsþjónustu.

2. Öll gjöld fyrir alla þjónustu umfram magnið sem pakkinn nær yfir skulu færð inn í töfluna yfir þjónustu og gjöld, eins og um getur í 1.–11. gr.

3. Ef fjöldi tegunda þjónustu í pakkanum er ótakmarkaður, eða ef ekki hefur verið veitt þjónusta umfram magnið sem pakkinn nær yfir, skulu greiðsluþjónustuveitendur eyða staðhæfingunni neðst í línunni „Innheimt hefur verið sérstaklega fyrir þjónustu umfram þessa“.

*13. gr.***Framsetning þjónustupakka tengdum greiðslureikningi sem innheimt er fyrir aðgreint frá gjöldum undir undirfyrirsögninni „Almenn reikningsþjónusta“**

1 Ef greiðsluþjónustuveitandi býður þjónustupakka, tengdan greiðslureikningi, með reikningnum og innheimt er fyrir þann pakka aðgreint frá gjöldum undir undirfyrirsögninni „Almenn reikningsþjónusta“ fyrir almenna reikningsþjónustu, eins og um getur í töflunni yfir þjónustu og gjöld, skulu greiðsluþjónustuveitendur gefa eftirfarandi upplýsingar upp í töflunni um þjónustupakka:

- a) í dálkinn um þjónustupakka, sérheitið, ef við á, eða innihald pakkans, með því að eyða hornklofunum,
- b) í dálkinn „Gjald“, gjöldin sem innheimt eru fyrir pakkann í heild fyrir tímabilið sem gjaldyfirfirlitið nær yfir, hægrijaftað,
- c) í þriðja dálkinn, fjölda skipta sem pakkagjaldið var innheimt á viðkomandi tímabili.

Öll viðbótargjöld fyrir alla þjónustu umfram magnið sem pakkagjaldið nær yfir skulu færð inn í töfluna yfir þjónustu og gjöld, eins og um getur í 10. og 11. gr.

2. Ef reglulega er innheimt fyrir pakkann skal færa inn tíðnina í dálkinn „Gjald“, vinstrijafnað, ásamt árlegum heildarkostnaði í línuna beint undir tíðninni, feitletrað, með orðunum „Árlegur heildarkostnaður“.
3. Ef mismunandi gjöld eru greidd fyrir mismunandi pakka á viðkomandi tímabili skal veita upplýsingarnar sem skráðar eru í 1. mgr. fyrir hvern pakka í sérstakri töflu.
4. Greiðsluþjónustuveitendur skulu eyða allri töflunni, þ.m.t. fyrirsögninni „Upplýsingar um gjöldin sem innifalin eru í þjónustupakkanum“, ef þjónustupakki er ekki veittur með reikningnum eða ef innheimt er fyrir þjónustupakkann sem boðinn er með reikningnum sem hluta af gjaldinu fyrir almenna reikningsþjónustu.
5. Ef fjöldi tegunda þjónustu í pakkanum er ótakmarkaður, eða ef ekki hefur verið veitt þjónusta umfram magnið sem þjónustupakkinn nær yfir, skulu greiðsluþjónustuveitendur eyða staðhæfingunni neðst í töflunni sem hljómar „Innheimt hefur verið sérstaklega fyrir þjónustu umfram þessa“.

14. gr.

**Upplýsingar um vexti sem greiddir voru af reikningnum**

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í töfluna „Upplýsingar um vexti sem greiddir voru af reikningnum“ vextina sem eigandi greiðslureikningsins greiddi á tímabilinu sem gjaldyfirlitið nær yfir, eftir atvikum.
2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa vaxtastigið inn í dálkinn „Vaxtaþrósentá“, í formi hundraðshluta á ári. Ef vaxtastigið hefur breyst á viðkomandi tímabili skulu greiðsluþjónustuveitendur skrá hvert vaxtastig sem gildi á hverju tímabili í sérstaka línu.
3. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í dálkinn „Vextir“ vextina sem eigandi greiðslureikningsins greiddi, gefna upp í gjaldmiðli reikningsins, feitletrað. Ef vaxtastigið hefur breyst á viðkomandi tímabili skulu greiðsluþjónustuveitendur sýna vextina sem eigandi greiðslureikningsins greiddi, aðgreint fyrir hvert af viðkomandi tímabilum, hverja í sérstakri línu.
4. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn heildarfjárhæð vaxta sem eigandi greiðslureikningsins greiddi á viðkomandi tímabili, feitletrað, í línuna „Heildarvaxtagreiðslur“.
5. Ef eigandi greiðslureikningsins hefur ekki greitt neina vexti vegna þess að engir vextir reiknast á reikninginn, og ef hægt er að færa inn slíkar upplýsingar eða þess krafist samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög tilskipun 2014/92/ESB, skulu greiðsluþjónustuveitendur tilgreina það með orðunum „vextir eiga ekki við“, með lágstöfum, vinstrijafnað, feitletrað, í línuna „Heildarvaxtagreiðslur“.

15. gr.

**Upplýsingar um áunna vexti á reikningnum**

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í töfluna „Upplýsingar um áunna vexti á reikningnum“ vextina sem eigandi greiðslureikningsins ávann sér á tímabilinu sem gjaldyfirlitið nær yfir, eftir atvikum.
2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu skipta út „Heiti reiknings“ með heiti viðkomandi reiknings, feitletrað.
3. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa vaxtastigið inn í dálkinn „Vaxtaþrósentá“, í formi hundraðshluta á ári. Ef vaxtastigið breyttist á viðkomandi tímabili skulu greiðsluþjónustuveitendur skrá hvert vaxtastig sem gildi á hverju tímabili í sérstaka línu.
4. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í dálkinn „Vextir“ vextina sem eigandi greiðslureikningsins ávann sér, gefna upp í gjaldmiðli reikningsins, feitletrað, í dálkinn „Vextir“. Ef vaxtastigið hefur breyst á tímabilinu sem gjaldyfirlitið nær yfir, skulu greiðsluþjónustuveitendur sýna vextina sem eigandi greiðslureikningsins ávann sér, aðgreint fyrir hvert viðkomandi tímabil, hverja í sérstaka línu. Ef vaxtastigið á við en það er núll fyrir tiltekið tímabil, skulu greiðsluþjónustuveitendur setja „0“ í dálkinn „Vextir“.
5. Ef ekki eru greiddir vextir á tilteknum reikningi vegna þess engir vextir reiknast á reikninginn, skulu greiðsluþjónustuveitendur tilgreina það með orðunum „vextir eiga ekki við“, með lágstöfum, vinstrijafnað, í dálkinn „Vextir“.
6. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í línuna „Áunnir heildarvextir“ heildarfjárhæð vaxtanna sem eigandi greiðslureikningsins ávann sér á tímabilinu sem gjaldyfirlitið nær yfir, feitletrað.

7. Ef ekki eru greiddir vextir á tilteknum reikningi vegna þess engir vextir reiknast á reikninginn, og ef hægt er að færa inn slíkar upplýsingar eða þess krafist samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög tilskipun 2014/92/ESB, skulu greiðsluþjónustuveitendur tilgreina það með orðunum „vextir eiga ekki við“, með lágstöfum, vinstrijafnað, feitletrað, í línuna „Áunnir heildarvextir“.

*16. gr.*

### **Viðbótarupplýsingar**

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu færa inn í töfluna „Viðbótarupplýsingar“ sérhverjar viðbótarupplýsingar sem eru umfram upplýsingarnar sem ákvæði 2.–15. gr. ná yfir og sem tengjast beint þjónustunni eða gjöldunum, greiddum eða áunnum vöxtum eða vaxtastigum sem giltu, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/92/ESB, á tímabilinu sem gjaldyfirlitið nær yfir. Viðbótarupplýsingarnar sem færðar eru inn í þá töflu skulu m.a. vera upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum landslaga.

2. Við að fylla út í töfluna skulu greiðsluþjónustuveitendur fylgja framsetningunni eins og sett er fram í þessari reglugerð, eftir atvikum.

3. Greiðsluþjónustuveitendur skulu eyða þessari töflu geti þeir ekki veitt þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. mgr.

*17. gr.*

### **Sérheiti**

Ef notað er sérheiti skal það fylgja beint á eftir heiti þjónustunnar og nota skal stöðluðu leturgerðina sem um getur í d-lið 3. mgr. 1. gr. og innan hornklofa.

*18. gr.*

### **Notkun rafrænna aðferða**

1. Ef gjaldyfirlitið er veitt með rafrænum hætti geta greiðsluþjónustuveitendur eingöngu breytt sniðmátinu á eftirfarandi hátt, að því tilskildu að neytandinn fái á sama tíma afrit af gjaldyfirlitinu í samræmi við sniðmátið sem mælt er fyrir um í viðaukanum og fyllt út eins og sett er fram í 2.–17. gr.:

- a) þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 1. gr., má auka leturstærðina, að því tilskildu að stærðarhlutföllunum, sem sett eru fram í 3. mgr. 1. gr., sé haldið,
- b) ef stærðir rafrænna tækja eru þannig að notkun margra taflna og dálka geri gjaldyfirlitið erfitt aflestrar, má nota einn dálk eða eina töflu ef röðun upplýsinga, fyrirsagna og undirfyrirsagna er haldið,
- c) nota má rafræn tól, s.s. lagskiptingu og sprettiglugga, að því tilskildu titill gjaldyfirlitsins, sameiginlega táknið, fyrirsagnir og undirfyrirsagnir séu vel sýnileg og röð upplýsinga haldið.

2. Notkun á rafrænu tólunum sem um getur í c-lið 1. mgr. skal ekki vera uppþrengjandi þannig að þau dragi athygli neytandans frá upplýsingunum í gjaldyfirlitinu. Upplýsingar sem veittar eru með lagskiptingu og sprettigluggum skal takmarka við upplýsingarnar sem um getur í þessari reglugerð.

*19. gr.*

### **Gildistaka.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 28. september 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---



## VIÐAUKI

## Sniðmát gjaldyfirlits



## Gjaldyfirlit

**[Nafn reikningsveitanda]**

[Samskiptaupplýsingar reikningsveitanda]

**[Nafn skjólstæðings]**

[Samskiptaupplýsingar]

Reikningur	
Auðkenniskóði reiknings	
Tímabil	Frá til
Dagsetning	

- Í þessu skjali er gefið yfirlit yfir öll gjöld fyrir þjónustu sem tengist greiðslureikningi þínum á tímabilinu hér að ofan.
- Einnig sýnir það alla vexti sem þú gætir hafa greitt eða áunnið þér á þessu tímabili.
- Upplýsingar um einstök viðskipti og stöðu reiknings eru að finna í reikningsyfirliti þínu.

**Samantekt gjalda og vaxta**

<b>Heildargjöld greidd (heildargjöld vegna þjónustupakka og heildargjöld)</b>	<b>[•]</b>
<b>Heildarvaxtagreiðslur</b>	<b>[•]</b>
<b>Áunnir heildarvextir</b>	<b>[•]</b>
<b>Ítarlegur kostnaðarvísir</b>	<b>[•]</b>

## Nákvæmt yfirlit yfir gjöld sem greidd voru vegna reikningsins

Þjónusta		Gjald		
Þjónusta	Fjöldi skipta sem þjónusta var notuð	Einingagjald	Fjöldi skipta sem gjald var innheimt	Samtals
<b>Almenn reikningsþjónusta</b>				
[•]  Þar með talinn <b>þjónustupakki</b> sem samanstendur af:  Innheimt hefur verið sérstaklega fyrir þjónustu umfram þessa				[•]
<b>Greiðslur (að undanskildum kortum)</b>				
				[•]
<b>Kort og reiðufé</b>				
				[•]
<b>Yfirdrættir og tengd þjónusta</b>				
				[•]
<b>Önnur þjónusta</b>				
				[•]
<b>Heildargjöld greidd</b>				[•]

## Upplýsingar um gjöldin sem innifalin eru í þjónustupakkanum

Þjónustupakki	Gjald	Fjöldi skipta sem gjald var innheimt
„Pakkaþjónusta“ [sérheiti, ef við á] Tekur til:	[•]	[•]
Innheimt hefur verið sérstaklega fyrir þjónustu umfram þessa.		

## Upplýsingar um vexti sem greiddir voru af reikningnum

	Vaxta stig	Vextir
		[•]
<b>Heildarvaxtagreiðslur</b>		[•]

## Upplýsingar um áunna vexti á reikningnum

	Vaxta stig	Vextir
„Heiti reiknings“		[•]
Áunnir heildarvextir		[•]

## Viðbótarupplýsingar

[•]